

Til félagsmanna VFÍ
Frá Páli Gíslasyni, formanni stjórnar VFÍ

Ágæti félagi.

Rafræn atkvæðagreiðsla um sameiningu Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) og Tæknifræðingafélags Íslands (TFÍ) hefst laugardaginn 5. nóvember og henni lýkur föstudaginn 11. nóvember. Stjórn TFÍ hafði frumkvæði að því að kanna hug VFÍ til sameiningar. Á vordögum 2016 var skipuð samstarfsnefnd til að fjalla um rekstur, samstarf og reynslu af sameiginlegu skrifstofuhaldi félaganna í liðlega tvo áratugi. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að sameining VFÍ og TFÍ skapaði margvísleg sóknarfæri.

- Stjórnir beggja félaga fjölluðu um málið í framhaldinu og samþykktu einróma að bera tillögu um sameiningu undir atkvæði félagsmanna.
- Tillagan þarf „aukinn meirihluta“ (tvo þriðju hluta greiddra atkvæða) til að hljóta samþykki.

Spurningar vakna, hvað ber að gera?

1. Á vef félags, www.vfi.is, er að finna upplýsingar um sameiningarmálið.
2. VFÍ efnir til kynningarfundar um sameininguna fyrir félagsmenn í Verkfræðingahúsinu miðvikudaginn 26. október kl. 17:00. Stjórn VFÍ situr þar fyrir svörum ásamt Láru V. Júlíusdóttur, lögmanni VFÍ.
3. Fyrirspurnir má senda félaginu á Fésbókarsíðu VFÍ eða á tölvupóstfangið tilkynningar@verктаekni.is.

Fyrir hönd stjórnar VFÍ hvet ég félagsmenn til þess að kynna sér upplýsingar um sameiningarmálið, mæta til kynningarfundar, leita svara við spurningum sem kunna að vakna og framar öllu taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Góð kjörsókn sýnir félagslegan styrk, hver svo sem niðurstaðan verður.

Með félagskveðju,

Páll Gíslason